

Nr. 426

2. maí 2013

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu.

*Breyting á deiliskipulagi við Árnes.*

Í breytingunni felst breytt lega tengivegar á kaflanum næst þjóðvegi nr. 32 (Þjórsárdalsvegi) og er tengivegurinn framlengdur til suðurs að mörkum skipulagssvæðisins. Tengingar við tengibrautina verða tvær í stað þriggja, A-gata verður færð sunnar og gert er ráð fyrir nýrri húsagötu (E-götu). Fjöldi lóða er sá sami en afmörkun þeirra og byggingarreitum verður breytt.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. desember 2012.

Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 1. júní 2011 og birtist auglýsing um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda nr. 995 28. október 2011. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrír mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 2. maí 2013.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Ánessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 3. maí 2013